

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

1. nóvember 2017

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Leikrit – Oddur og Soggi

Þjóðleikhúsið býður nú í annað sinn sveitarfélögum sýningu fyrir afmarkaðan hóp nemenda. Að þessu sinni er nemendum í 5. - 7. bekk boðið að sjá leikritið Oddur og Soggi. Aðeins er boðið upp á eina sýningu í Skagafirði en hún verður núna næstkomandi fimmtudag 2. nóvember kl. 10:00 í Miðgarði, Varmahlíð. Umsjónarkennarar fara með sínum hópum á sýninguna og miðað við að leggja af stað frá Hofsósi um kl. 9:00. Sýningin tekur um það bil 40 mínútur svo allir verða komnir aftur í skólann fyrir hádegi. Morgunmatur verður í skólanum áður en lagt verður af stað svo enginn verði svangur í ferðinni.

Halloween – ball

Fimmtudaginn 2. nóvember kl. 15:20 – 17:00 verður Halloween ball fyrir 2. - 7. bekk í Höfðaborg á Hofsósi. Það kostar 200 krónur inn og verður sjöppan opin. Það verða veitt verðlaun fyrir frumlegasta búninginn. Skólaakstri seinkar til kl. 17:00 vegna ballsins. Skólahópurinn í leikskólanum er velkomin á ballið en það eru þeir nemendur sem koma í skólann næsta vetur, en foreldrar þurfa þá að sjá um akstur þeirra barna. Annars vonumst við til að sjá sem flesta.

Halloween - ball

Föstudaginn 3. nóvember er hið árlega Halloween-ball Friðar á Hofsósi í Höfðaborg. Ballið er fyrir nemendur í 8. – 10. bekk frá kl. 20:30 – 22:30 og kostar 1000 krónur inn á ballið. Veitt verða verðlaun fyrir flottasta og frumlegasta búninginn.

Starfsdagur

Fimmtudag 9. nóvember verður endurmenntunardagur hjá okkur starfsmönnum í Grunnskólanum austan Vatna. Þann dag eiga nemendur frí.

Þriðjudagur 7. nóvember er á skóladagatali starfsdagur. Nú liggur fyrir að fimmtudaginn 9. nóvember verður stór upplýsingatækniráðstefna í Skagafirði þar sem m.a. verða erlendir fyrirlesarar og mikið lagt undir. Við fáum ekki oft tækifæri til að taka þátt í svo metnaðarfullri endurmenntunardagskrá í heimabyggð. Ráðstefnan var skipulögð 10. nóv, fyrir kennara allsstaðar af á landinu og varð mjög fljótt fullbókuð. Til að nýta þennan viðburð sem best fyrir okkur heimamenn var settur upp annar dagur eingögnu fyrir starfsmenn Skagafirskra skóla á fimmtudeginum 9. nóvember. Samstarfsskólar okkar í Skagafirði hafa þegar fært sinn starfsdag í nóvember á þennan dag og við höfum nú ákveðið að gera það líka.

Þriðjudagurinn 7. nóvember verður því venjulegur kennsludagur en fimmtudagurinn 9. nóvember verður starfsdagur í staðinn. Skólum og leikskólum á sama skólasvæði hefur verið uppálagt að samræma frí svo sem kostur er svo þriðjudagurinn 7. nóvember var því áætlaður starfsdagur í leikskólanum líka. Hann verður einnig færður til 9. nóvember eins og grunnskólastarfsdagurinn.

Best er afsökunar á þessum litla fyrirvara á breytingu skóladagatala og vonum við að það komi sér ekki illa fyrir neinn.

Bestu kveðjur,
Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi